

Víkurskóli

Námsval 2020-2021 8.-10. bekkur



Gangi ykkur vel að velja 😊



Valinu á að skila rafrænt í síðasta lagi

mánudaginn 14. september 📅

Nám í valgreinum – sömu kröfur og í öðrum greinum

Þó nemendur velji sér greinar er nám í valgreinum ekki frábrugðið námi í öðrum greinum. Sömu námslegar kröfur eru gerðar í valgreinum og í öðrum greinum sem kenndar eru í grunnskólum. Góðum verkum fylgir ævinlega ánægja og tryggasta leiðin til að vera ánægður í skóla er nú sem fyrr að leggja sig fram.

Hver kennslustund er 60 mínútur

- 8. bekkur velur 2 kennslustundir yfir allt skólaárið (120 mín).
- 9. bekkur velur 3 kennslustundir yfir allt skólaárið (180 mín).
- 10. bekkur velja 4 kennslustundir yfir allt skólaárið (240 mín).

Nauðsynlegt er að velja a.m.k. 4 greinar til vara, því ekki er víst að hægt verði að uppfylla allar óskir. Athugað að vegna fjölda í hópum geta ákveðnar greinar lokast vegna fjöldatakmarkana og einnig geta valgreinar fallið niður vegna lítillar þátttöku.

Mikilvæg atriði!

- **Rafrænu vali lýkur mánudaginn 14. september.**
- **Umsókn um val utan skóla er ekki tekið gilt nema umsókninni hafi verið skilað á þar til gerðu umsóknarblaði. Síðasti skiladagur er 16. september á skrifstofu skólans.**
- Val kallar á ábyrgð og því er mikilvægt fyrir hvern og einn nemanda ígrunda þá kosti sem eru í boði. Þegar þú velur þér valgreinar skaltu hafa áhugasvið þín og styrkleika í huga.

Námslýsing á valgreinum

Bakstur

Kennt haust- eða vorönn

Kenntustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk

Kennari: Anna Guðbjörg Guðjónsdóttir

Nemendur fá þjálfun í að baka brauð og kökur. Þeir vinna sjálfstætt eftir að kennari hefur farið yfir vinnuferlið. Mikið er lagt upp úr góðu vinnulagi og að frágangur sé til fyrirmyndar. Umræður um manneldismarkmið, hagsýni og umhverfisvernd fléttast inn í vinnuferlið. Allir tímar eru verklegir.

Markmiðin eru að nemendur

- fá tilsögn við bakstur á hinum ýmsu tegundum af brauðmeti og kökum
- öðlist færni í að beita fjölbreyttum bakstursaðferðum
- tileinki sér hreinlæti í verki við heimilisstörf
- tileinki sér góð vinnubrögð og rétta líkamsbeitingu
- þjálfist í að vinna sjálfstætt eftir uppskrift
- geri sér grein fyrir því hvers vegna mikilvægt er að þvo upp samkvæmt ströngustu hreinlætiskröfum

Námsmat: Gerð er krafa um að nemendur geti meðtekið og farið eftir fyrirmælum, bæði munnlegum og skriflegum. Einnig að nemendur vinni skipulega, haldi vinnusvæði hreinlegu, gangi vel frá í lokin og síðast en ekki síst haldi ró sinni og sýni samstarfsfólki virðingu og vinsemd.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir verkgreinar.

Bíóprjón

Kennt haust- eða vorönn

Kenntustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk

Kennari: Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir

Nemendur byggja á þekkingu sem þeir hafa lært í skyldunámi sínu í Textíllmennt og læra að prjóna sína eigin flík og/eða fylgihlut. Mikilvægt er að nemandi geti unnið að verkefni sínu sjálfstætt undir leiðsögn kennara. Æfing í að prjóna eftir uppskrift og/eða skapandi prjón. Nemendur velja verkefni ásamt kennara eftir getu hvers og eins. Á meðan prjóni stendur verður bíómynd sýnd og munu nemendur í byrjun valsins velja þær bíómyndir ásamt kennara sem sýndar verða. Kósýstund með prjóna í höndum. Val verður um verkefni eins og púða, húfu, trefil og peysu fyrir lengra komna, einnig verður hægt að læra að hekla fyrir þá sem vilja það.

Markmið námsins er að nemendur:

- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun á prjónaafurðum.
- nýti margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um efni sem tengist hönnun og iðnaði.
- tileinki sér hugmyndavinnu og vinnuferli við nýsköpun eigin verka.
- hugi að sjálfbærni og tileinki sér umhverfisvæna hugsun og framkvæmd.
- kynni sér ólíka vinnuhætti við sköpun sína.
- kanni umhverfi og menningu prjónahönnunar.
- rökstyðji eigið val á efnivið, eftir viðfangsefni og efnisfræði.
- búi til og vinni með snið og uppskriftir, geti tekið mál og áætlað stærðir og efnisþörf.
- fari eftir einföldum prjónauppskriftum og breytt og bætt út frá sinni eigin hönnun.

- kynnist klassískum bíómyndum og myndi sér skoðanir á þeim út frá gagnrýnni hugsun.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá fyrir listgreinar við lok 9. og 10 bekkjar.

Boltaíþróttir

Kennt á haust- eða vorönn

Kennslustund: 60 mín

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Kennari: Henning Skov

Farið verður í helstu boltagreinar fótbolta, körfubolta, handbolta, bandy, blak og e.t.v. einhverjar fleiri boltagreinar.

Við æfum okkur í misjöfnum boltaleikjum og taktík með því markmiði að allir þátttakendur séu virkir.

Stöku sinnum fer kennsla fram í kennslustofu þar sem farið verður í grunntækni, leikfræði og leikreglur og unnið í verkefnum því tengdu.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist dýpri skilning á boltagreinum
- læri helstu leikreglur í hverri íþróttagrein
- fái tækifæri til þess að dæma knattleiki
- skilji að í boltaíþróttum eru allir spilarar jafn mikilvægir
- læri undirstöðuatriði liðssamvinnu og geti útfært þessi atriði í leikrænum æfingum og leikæfingum
- fái grunnþekkingu í uppbyggingu þjálfunar í hverri boltagrein.
- fari eftir samþykktum reglum, styðja hvert annað á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir skólaíþróttir.

Fatahönnun

Kennt haust- eða vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 9.- 10. bekk.

Kennari: Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir

Nemendur byggja á þekkingu sem þeir hafa lært í skyldunámi sínu í Textílmennt og læra að hanna sína eigin flík og/eða fylgihlut. Mikilvægt er að nemandi geti unnið að verkefni sínu sjálfstætt undir leiðsögn kennara. Í fatahönnun lærirðu hugmyndavinnu, tískuteikningu, einfalda sníðagerð og að gera þína eigin flík/fylgihlut eftir getu hvers og eins.

Markmið námsins er að nemendur:

- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun.
- leggi mat á eigin vinnubrögð.
- nýti margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um efni sem tengist hönnun og iðnaði.
- tileinki sér hugmyndavinnu og vinnuferli við nýsköpun eigin verka.
- hugi að sjálfbærni og tileinki sér umhverfisvæna hugsun og framkvæmd.
- kynni sér ólíka vinnuhætti við sköpun sína.
- kanni umhverfi og menningu hönnunar.
- beiti fjölbreyttum aðferðum og áhöldum við formun afurða.
- rökstyðji eigið val á efnivið, eftir viðfangsefni.
- búi til og vinni með sníð og uppskriftir, geti tekið mál og áætlað stærðir og efnisþörf.

First Lego League

Kennt á haustönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Guðrún Lára Baldursdóttir og Erna G. Sigurðardóttir

Valnámskeið þar sem lokamarkmiðið er First Lego League keppnin sem haldin verður um miðjan nóvember n.k. á vegum Háskóla Íslands, Nýherja, Krumma og fleiri samstarfsaðila. Keppnin er haldin í stóra salnum í Háskólabíó.

Nemendur undirbúa sig fyrir keppnina sem felst í því að:

- rannsaka og leysa raunverulegt vandamál sem byggir á þema áskorunarinnar
- kynna rannsóknir sínar og lausnir
- smíða sjálfvirkt vélmenni með verkfræðilegum aðferðum

Áskorun FLL byggist á því að:

- hvetja börn til að hugsa eins og vísindamenn og verkfræðingar
- bjóða upp á skemmtilegt og skapandi verklegt nám
- kenna börnum að gera tilraunir og sigrast á hindrunum
- byggja upp sjálfsvirðingu og sjálfstraust

Valnámskeiðið hefst strax í upphafi annar og lýkur með keppninni á laugardegi í nóvember. Nemendur mæta í fasta tíma og aukatíma eins og þurfa þykir (meira eftir því sem nær dregur keppnisdegi). Á keppnisdegi er gert ráð fyrir að nemendur mæti líkt og um kennsludag sé að ræða.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir upplýsinga- og tæknimennt.

Fjarnám við Fjölbrautarskólann í Ármúla

Kennt á haust- og vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 10. bekk

Kennari: Líney Björg Sigurðardóttir námsráðgjafi.

Fjarnámsgreinar við Fjölbrautaskólann við Ármúla veljist í samráði við náms- og starfsráðgjafa. Nemendur þurfa að hafa náð einkunninni B+ eða hærra í viðkomandi grein í 9. bekk. Athugið að fjarnám krefst þess að nemandinn sýni mikinn aga, kunni að skipuleggja sig og sé samviskusamur. Bókakostnaður greiðist af foreldrum/forráðamönnum.

Formlegt val utan skóla

Valið er metið sem 60 mínútur á hvorri önn. Samtals 120 mínútur fyrir allt skólaárið.

Hægt er að velja íþróttir, tónlist, myndlist eða aðrar viðurkenndar listgreinar utan skóla sem valgrein. Sótt er um það á sér blaði.

[Vali utan skóla er ekki tekið gilt nema umsókninni sé skilað undirritaðri af foreldri/forráðamanni á skrifstofu skólans.](#)

Einnig fá nemendur afhent blað sem fylla þarf út og skila þarf á skrifstofu skólans með nafni og símanúmeri þjálfara eða kennara. Stjórnendur hafa samband við viðkomandi þjálfara/kennara til að kanna mætingu nemenda í viðkomandi grein.

- Foreldrar bera ábyrgð á þessu námi barna sinna gagnvart Víkurskóla og láta vita ef einhver misbrestur verður á.
- Ef nemandi hættir í þessu vali ber honum og foreldrum skylda til að láta stjórnendur vita.

- Þeir nemendur sem ekki uppfylla mætingarskyldu fá ólokið á einkunnaspjaldið sitt og geta þar af leiðandi ekki valið þetta fag á næstu önn/skólaári.
- Umsóknareyðublað fylgir með í viðhenginu en fæst einnig á skrifstofu skólans.
- Allur kostnaður af vali utan skóla er greiddur af foreldrum.

Námsmat: Gefið er lokið/ólokið

Fornám ökunáms – umferðarfræðsla

Kennt á haustönn.

Kennslustund: 80 mín.

Í boði fyrir: 10. bekk

Kennari: Hreiðar Örn Zoëga Stefánsson, löggiltur ökukennari

Með nýjum umferðarlögum (77/2019) sem tóku gildi 1. janúar 2020 er nú sérstaklega kveðið á um það að umferðarfræðsla skuli fara fram í grunnskólum og framhaldsskólum. [Samanber 112. grein laganna](#)

*Umferðarfræðsla skal fara fram í leik-, grunn- og framhaldsskólum.
Ráðherra sem fer með fræðslumál ákveður að fenginni umsögn Samgöngustofu nánari tilhögun fræðslu skv. 1. mgr. í aðalnámskrá samkvæmt ákvæðum laga um grunnskóla, leikskóla og framhaldsskóla.
Sveitarstjórnnum ber að fræða almenning um þær sérreglur er gilda á hverjum stað.*

Töluvert er um nýja hluti í nýútgefnum lögum sem vert er að kynna vel fyrir elsta bekk grunnskóla sem og í fyrstu bekkjum framhaldsskóla. Sem dæmi: Hjálmaskylða, snjalltæki í umferðinni, ákvæði um hjólreiðamenn, akstur létttra bifhjóla, akstur án réttinda, sorp úr ökutækjum, öryggisbelti í hópþreifreiðum, ölvunarakstur og fleira.

Með tilliti til nýrra umferðarlaga er hér um að ræða fræðsluefni fyrir elsta bekk grunnskóla og fyrstu bekki framhaldsskóla. Námsefnið er útbúið með tvennum hætti. Kennsla í kennslustofu 2 tímar í viku (ein önn) og önnur útgáfa sem hægt er að nota sem efni á þemadögum (2 dagar).

Áfangalýsing: Nemendur fræðast um þætti sem tengjast ökunámi og akstri að því loknu. Þeir kynnast viðhorfum sem tengjast umferð og umferðarmenningu.

Markmiðin eru að nemendur:

- kynnist og læri, um búnað ökutækis, að þekkja umferðarmerkingar þekkja umferðarreglur og um orsakir umferðarslysa og áhættuþáttum í umferð
- móti viðhorf gagnvart ölvunarakstri og hraðakstri
- fái heildstæða mynd af ökunámi
- verði hæfari í að taka bílpróf þegar þar að kemur

Reynt er að gera námið áhugavert og skemmtilegt með fjölbreyttum verkefnum sem unnin eru og tengjast námsmarkmiðum. Vinna er einstaklings- og hópvinna. Horft er á stutt kennslumyndbönd og unnin stutt verkefni. Reynt verður að fara í vettvangsferðir og aðfengnir fyrirlesarar koma hugsanlega í skólann með fræðslu.

Námsbækur: Stuðst verður við útgefna kennslubækur fyrir ökunema ásamt myndböndum, nýjum umferðarlögum og efni frá kennara.

Námsmat: Símat þar sem verkefni nemanda og virkni er metin. Áfanginn er metinn lokið/ólokið.

Förðunarnámskeið

Kennt á haustönn eða vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Kennari: Agnes Björgvinsdóttir förðunarfræðingur og kennaranemi

Í þessu valnámskeiði verður farið í undirstöðu þætti förðunar og almennrar húðumhirðu. Meginefni námskeiðsins verður allt sem tengist förðun og fallegri húð. Nemendur fá sýnikennslu á augnförðun eins og halo, smokey og klassísk beauty skyggingu. Nemendur æfa sig í að farða eigið andlit en einnig andlit samnemenda. Farið er yfir hvað hentar hverju andliti hvað varðar lit á augnskuggum, mismunandi augnhár og æfa nemendur sig í ásetningu þeirra. Einnig verður farið í naglaumhirðu, naglalakk og mismunandi naglamynstur. Á námskeiðinu verður stuttlega farið yfir hvernig hægt er að meðhöndla hár og fá nemendur að æfa sig í mismunandi útfærslum á krullum. Nemendur þurfa að koma með sitt eigið snyrtidót ásamt því að prófa vörur sem verða í boði á námskeiðinu.

Markmiðin eru að nemendur:

- þekki grundvallaratriði í húðumhirðu. Þekki eigin húðgerð og viti hvað hentar henni.
- þekki mismunandi farðanir og geti notað þær til gleði og ánægju.
- þekki mismunandi förðunaráhöld og hvernig þau eru meðhöndluð.
- öðlist grunnfærni í að meðhöndla snyrtivörur og viti hvað þarf að hafa í huga við nagla og hárumhirðu.

Námsmat byggir á frumkvæði og vinnusemi nemenda. Nemendur skila verkefnamöppu sem unnin er jafnt og þétt yfir önnina. Einkunn er lokið/ólókið.

Grafík (prent) og klippiverk

Kennt á vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 9.-10. bekk.

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Lýsing: Nemendur kynnast margvíslegri tækni og aðferðum við listsköpun allt frá hugmyndavinnu til fullskapaðs verks. Lögð er áhersla á að virkja ímyndunarafl og skoða og pæla í hugmyndum áður en byrjað er að vinna verkin. Unnið verður með dúkristu (grafík) og ýmsar leiðir í einfaldri prenttækni sem verður kynnt fyrir nemendum. Efniviður er pappír, prentlitir, skurðúkur, karton, pappír o.fl.

Markmið að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega hugmynd til fullmótaðs verks, með ólík efni og miðla.
- kynnist ólíkum miðlum og efnivið til að vinna og efli eigin hugmyndir og sköpun.
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá fyrir listgreinar við lok 9. og 10 bekkjar

Grænmetis og vegan matreiðsla

Kennt haust- og vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8. – 10. bekk.

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Lýsing: Nemendur kynnast grænmetis- og veganfæði og matreiðslu.

Námið er verklegt og kynnast nemendur matarmenningu frá ýmsum heimshornum, gómsæta aðalrétti, léttu rétti, bakstur o.fl. við smökkum í tíma og tökum með heim.

Markmiðin er að nemendur:

- öðlist grunnþekkingu á grænmetis og vegan fæði.
- öðlist færni í að fylgja fyrirmælum, vinna eftir uppskriftum með mismunandi hráefni og að sjá um framleiðslu mismunandi rétta.
- öðlast færni til að vinna í eldhúsi og sjá um lokaprif.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá fyrir heimilisfræði.

Hlaup og hreysti

Kennt á haust- eða vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Kennari: Henning Skov

Nemendur verða þjálfaðir upp í stuttum og löngum hlaupaleiðum. Skoðað verður hvernig hægt er að verða betri hlaupari með því að kynna sér ólíkar þjálfunaraðferðir fyrir ólíkar hlaupaleiðir langhlaup eða stutt hlaup. Nemendur verða sérstaklega þjálfaðir upp fyrir langhlaup.

Mikilvægt er að hafa réttan æfingafatnað og góða hlaupaskó fyrir útihlaup

Við munum einbeita okkur að heilbrigðum líkama og hollum mat. Einhverjum kennslustundum ljúkum við með því að búa til hollan smoothies.

Stefnt verður að því að skipuleggja hlaup með foreldrum, systkinum, skólafélögum og öðrum.

Markmið er að nemendur:

- finni gleðina við að tileinka sér heilbrigðan lífsstíl í gegnum hlaup
- skilji að ólíkar æfingar gera þá að betri hlaupurum s.s. sprettæfingar, interlvalæfingar, upphíffingar og styrktaræfingar.
- þjálfði þol og skilji hve stórt hlutverk púlsinn hefur í langhlaupi
- finni gleðina og ánægjuna af því að fara reglulega í útihlaup

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir skólaíþróttir.

Hraustir krakkar – Morgunæfing

Kennt haust- eða vorönn

Kennslustund: 60 mín. Tíminn er kenndur frá kl. 7.40-8.40

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Anna Björg Björnsdóttir

Hugsað fyrir krakka sem vilja æfa áður en skóladagurinn hefst. Æft er í litla líkamsræktarsalnum okkar í skólanum. Tíminn er kenndur frá k.7.40-8.40. Nemendur fá tíma til að skipta um fót/fara í sturtu áður en skóladagurinn hefst. Áhersla er lögð á styrktaræfingar og að nemendur upplifi að það sé gaman að hreyfa sig í góðum félagsskap.

Markmið er að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi þess að stunda holla og góða hreyfingu fyrir líkamlega og andlega heilsu.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið Aðalnámsskrár í íþróttum.

Jóga

Kennt haust- eða vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8. – 10. bekk.

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Lýsing: Nemendur kynnast hugmyndum jógafræðanna og öðlast færni í öndun, slökun og grunnjógastöðum, Kennt er að fara rétt í og úr stöðum, leiddir jóga tímar með slökun/jóganíðra í lok hvers tíma, jógaöndun kennd og farið í grunnihugun.

Markmið að nemendur:

- öðlist færni í og læri öndun og grunnjógastöður og geti nýtt sér jóga sem tæki í eigin lífi m.a. til að vinna bug á spennu, streitu og ofvirkum huga.
- að nemendur geti nýtt sér aðferðir jóga í daglegu lífi til að bæta m.a. almennt heilbrigði, svefn, athygli, einbeitingu, hamingju og gleði.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir skólaípróttir.

Jólaval

Kennt á haustönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Guðrún Lára Baldursdóttir

Nemendur vinna valið verkefni þar sem ljósasería er notuð. Lögð er áhersla á hugmyndavinnu, vandað handverk og tækni.

Hæfniviðmið eru að nemendur:

- velji aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýni rétta og ábyrga notkun verkfæra,
- útskýri hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu,
- vinni sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu,
- beiti viðeigandi vinnustellingum og noti réttan hlífðarbúnað ásamt því að fjallað verður um vinnuvernd.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir verkgreinar.

Kvikmyndaval

Kennt haust- og vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8. -10. bekk.

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Lýsing: Nemendur kynnast kvikmyndum frá ýmsum heimshornum sem margar eru með ensku tali eða texta. Horft er á nokkrar myndir yfir önnina og nemendur kynnast og öðlast hæfni að gagnrýna, þar sem unnið er í smá hópum eftir hvert áhorf og farið m.a. í persónusköpun, sögusvið myndarinnar, boðskap, kvikmyndataka o.fl. Engin verkefnaskil.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist þekkingu á ólíkum menningarheimum í gegnum kvikmyndir og áhorf.
- öðlist færni í að horfa og tjá sig um kvikmyndir með gagnrýnum hætti.
- öðlist færni í að hlusta og lesa enskan texta.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá fyrir listgreinar.

Leir – Þrívíð verk

Kennt haustönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 9.-10. bekk

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Lýsing: Nemendur kynna aðferðum og tækni í leir. Unnið verður með eigin hugmyndir og útfærslur. Lögð er áhersla á að virkja ímyndunarafli. Unnið verður með leir sem aðalefni við auk annars efnis sem við á.

Markmið að nemendur:

- öðlist færni í að vinna skipulega hugmynd til fullmótaðs verks, með ólík efni og miðla.
- kynnist ólíkum miðlum og efnivið til að vinna og efla eigin hugmyndir og sköpun.
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá fyrir listgreinar við lok 8. bekkjar / 9. og 10 bekkjar.

Listasaga – eigið efnisval

Kennt vorönn.

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 9.-10. bekk

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Lýsing: Nemendur kynna listasögu og velja sér tímabil til að vinna í þess anda, skapa eigið verk og nota til þess ýmislega tækni eða aðferðir, málun, leir o.fl.

Markmið er að nemendur:

- kynnist listasögu frá mismunandi tímabilum, lístamönnum og ólíkum miðlum sem unnið er í.
- öðlist færni í að nota ólíka miðla í eigin listsköpun.
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá fyrir listgreinar við lok 8. bekkjar / 9. og 10 bekkjar.

Líkamsrækt í World Class

Kennt haust- eða vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 9.- 10. bekk.

Kennari: Anna Björg Björnsdóttir

Verklegur áfangi. Nemendur fá kennslu/grunn í almennri líkamsrækt í líkamsræktarstöð. Vorönn gæti verið með breyttu sniði þar sem verður farið í heimsókn á líkamsræktarstöðvar og æft í líkamsræktarsalnum í skólanum.

Farið verður í hluti eins og:

- notkun brennslutækja (hlaupabretti, skíðavél, steppvél og róðravél). Stillingaratriði og hentugt álag (púls.)
- rétt líkamsbeiting í lyftingum, hún skiptir öllu máli.
- notkun og stilling tækja í líkamsræktarstöð.
- notkun frjálsra lóða.
- að þekkja skil á hvaða vöðvar virka við hverja æfingu.
- að vinna eftir prógrömmum.
- að setja sér markmið og vinna eftir þeim.

Markmið áfangans er að nemendur sem hafa áhuga á líkamsrækt læri að æfa rétt og fara sem best með líkama sinn á meðan á því stendur. Einnig fá þau þarna góða aukahreyfingu sem ætti að nýtast mörgum vel.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámsskrá fyrir skólaíþróttir.

Ljósmyndun

Kennt vorönn.

Kennslustund: 60 mín

Í boði fyrir: 9.-10. bekk

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Lýsing: Notast er við síma eða myndavélar sem nemendur eiga. Farið er í grunnhugmyndir við myndatöku s.s. myndbyggingu, ljós og aðstæður og hugmyndavinnu. Nemendur fá verkefni og gera eigin myndamöppu á netinu.

Markmið að nemendur:

- kynnist grunnhugmyndum ljósmyndunar og geti nýtt sér þær.
- kynnist listamönnum og stefnum innan greinarinnar og öðlist samhliða því dýpri skilning, getu og hæfni við eigin sköpun.
- öðlist færni í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá fyrir listgreinar.

Málmtæknival – MSG1A03

Kennt allt árið

Kennslustund: 120 mín. Kennsla fer fram í Borgarholtsskóla, nemendur fá 3 f-einingar fyrir námið. Kennt í 120 mínútur á viku á mánudögum frá kl. 15:30 – 17:30.

Í boði fyrir: 10. bekk.

Kennari: Ellert Danelíusson, Mál- og véltæknisvið BHS

Málmiðngreinarnar eru fimm; rafeindartækni, logsuða, plötuvinna, rennismíði og vélfræði. Skólaárinu er skipt í fimm hluta þar sem nemendur fá kynningu á framangreindum greinum. Auk þess verður farið í tölvuteikningar.

Námsmat: Gefin er einkunn miðað við viðmið fyrir framhaldsskóla þar sem þetta nám gefur einingur á framhaldskólastigi.

Nemendaráð

Kennt allt árið

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Magnús Björgvin Sigurðsson

Félagsmiðstöðin Vígyn starfar eftir hugmyndafræðinni um unglíngalýðræði. Því koma unglíngar eins mikið og unnt er að skipulagi, dagskrárgerð og útfærslum á viðburðum félagsmiðstöðvarinnar. Nemenda- og unglíngaráði sem og starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar er ætlað að sjá til þess að unglíngalýðræði sé í hávegum haft m.a. með vikulegri fundarsetu þar sem málefni félagsmiðstöðvarinnar eru rædd. Nemendaráðsval stendur öllum til boða en ekki allir nemendur sem bjóða sig fram komast að, tekin verða viðtöl inn í nemendaráðið.

Til að hámarka virkni nemenda- og unglíngaráðsmeðlima skiptir ráðið með sér verkum. Allir meðlimir sitja í öðru ráðinu af tveimur ráðum nemenda- og unglíngaráðs. Ráðin eru markaðsráð og viðburðaráð og velja meðlimir sér ráð sem þeir hafa áhuga á að þjóna. Auk þess að sjá um almennt skipulag á dagskrá félagsmiðstöðvarinnar munu meðlimir nemenda- og unglíngaráðs fá kennslu í þáttum er varða viðburðastjórnun, markaðssetningu, hvernig á að virkja aðra með sér, styrkingu sjálfsmýndar o.fl. þætti sem koma að því að efla meðlimi ráðsins félagslega.

Almennt um skyldur nemendaráðsmeðlima, virkni nemendaráðsmeðlima er gífurlega mikilvæg til þess að félagsmiðstöðin blómstri. Allir meðlimir nemendaráðs hafa ákveðnum hlutverkum að gegna og verða þau metin eftir þessum þáttum:

Þátttaka og mæting í vali

- mæta á vikulega nemendaráðsfundi og taka virkan þátt í umræðum og verkefnum á fundunum ásamt því að mæta í ferð nemendaráðs í upphafi haustannar.

Þátttaka og mæting í félagsmiðstöðinni

- taka þátt í viðburðum félagsmiðstöðvarinnar af heilum hug og drífa samnemendur með sér.

Viðburðastjórnun

- skipuleggja almenna dagskrá félagsmiðstöðvarinnar í takt við þarfir, vonir og væntingar unglinganna.
- koma að undirbúningi og útfærslu viðburða og hjálpa starfsfólki við frágang að viðburðum loknum.

Fyrirmyndarhlutverk

- vera fyrirmynd í orði og gjörðum.
- virkja aðra unglinga til þátttöku í starfi félagsmiðstöðvarinnar t.d. með jákvæðu umtali, taka sjálfir þátt, upplýsa um starfið, sækja hugmyndir frá unglingunum o.fl.

Aukaverkefni til hækkunar

- sinna öðrum störfum er fallið gætu inn á borð félagsmiðstöðvarinnar.
- vera talsmaður unglinga félagsmiðstöðvarinnar og koma hugmyndum og ábendingum þeirra áleiðis inn á borð nemendaráðs.
- aðstoða við 10-12 ára starf Vígyn (kallað Minni-Vígyn).

Meti starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar svo að nemendaráðsmaður sé ekki að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru til hans fær viðkomandi áminningu eða beðinn að víkja úr ráðinu og þarf þá að finna sér aðra valgrein.

Námsmat: Lokið/ólókið. Auk þess fær nemandinn skriflega umsögn/meðmæli.

Poplist – málun og blönduð tækni

Kennt á haustönn.

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 9.-10. bekk

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Lýsing: Nemendur kynnast margvíslegri tækni og aðferðum við listsköpun allt frá hugmyndavinnu til fullskapaðs verks. Lögð er áhersla á að virkja ímyndunarafl og skoða og pæla í hugmyndum áður en byrjað er að vinna verkin. Íslenski poplistamaðurinn Erró verður kynntur auk fleiri erlendra listamanna. Farið verður á sýningu í Hafnarhúsinu, listasafni Reykjavíkur. Verk unnin í anda Errós og poplistastefnunar. Unnið verður m.a. með tímarit, dagblöð, blýanta, málningu, striga, myndvarpa, o.fl. allt eftir áhugasviði nemenda.

Markmið er að nemendur:

- öðlist færne í að vinna skipulega frá hugmynd til fullmótaðs verks, með ólík efni og miðla.
- kynnist listamönnum og stefnum innan greinarinnar og öðlist samhliða því dýpri skilning, getu og hæfni við eigin sköpun.
- öðlist færne í að tjá og meta eigin verk og annarra með hugtökum námsgreinarinnar.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá fyrir listgreinar við lok 9. og 10 bekkjar.

Skartgripa- og fylgihlutahönnun

Kennt haust- eða vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir

Nemendur byggja á þekkingu sem þeir hafa lært í skyldunámi sínu í Textílmennt og læra að hanna sína eigin skartgripi og/eða fylgihlut. Mikilvægt er að nemandi geti unnið að verkefni sínu sjálfstætt undir leiðsögn kennara. Í skartgripa- og fylgihlutahönnun lærirðu hugmyndavinnu, skissuteikningu, efnisval og að gera þína eigin flík/fylgihlut eftir getu hvers og eins.

Í valinu lærirðu hugmyndavinnu, skissugerð og að hanna þína eigin skartgripi og/eða fylgihluti s.s. töskur, trefla, húfur, hulstur eða skrautmuni.

Markmið námsins er að nemendur:

- beiti skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun.
- leggji mat á eigin vinnubrögð.
- nýti margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnn hátt um efni sem tengist hönnun og iðnaði.
- tileinki sér hugmyndavinnu og vinnuferli við nýsköpun eigin verka.
- hugi að sjálfbærni og tileinki sér umhverfisvæna hugsun og framkvæmd.
- kynni sér ólíka vinnuhætti við sköpun sína.
- kanni umhverfi og menningu hönnunar.
- beiti fjölbreyttum aðferðum og áhöldum við formun afurða.
- rökstyðji eigið val á efnivið, eftir viðfangsefni.

Skák

Kennt á haustönn eða vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8. -10. bekk

Kennari: Bragi Þorfinnsson stórmeistari

Í skáktímum verður lögð áhersla á virkni nemenda og að þeir kynnist leyndardómum skáklistarinnar í gegnum taflmennsku og ýmsa skemmtilega skákleiki. Þannig verður nemendum leiðbeint með grunnatriði í skák en fá um leið svigrúm til uppgötvunarnáms. Internetið hefur upp á að bjóða margvíslega möguleika til skákiðkunar svo sem kennslumyndbönd, þrautalausnir og að tefla við andstæðinga út um allan heim. Möguleikar netsins verða nýttir í skáktímum ásamt því að nemendum verður leiðbeint með hvernig þeir geti nýtt sér það á sjálfstæðan hátt. Áhugasömustu nemendum tímanna verður boðið upp á að sækja skólakeppnir fyrir hönd skólans.

Námsmat: Virkni og þátttaka í tímum, lokið/ólókið

Skrekkur

Kennt á haustönn

Kennslustund: 60 mín. Vali lýkur eftir sýningu í Borgarleikhúsinu.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Kennari: Ingvi Hrafn Laxdal Victorsson

Undirbúningur og sýning á Skrekksatriði Víkurskóla árið 2020. Undirbúningur fyrir Skrekk er ákveðið ferli. Byrjað er á hugmyndavinnu, svo er unnið að handritsgerð og að lokum er atriðið æft til sýningar. Í Skrekk fá hæfileikar nemenda að njóta sín. Þar vinna ólík listform saman eins og dans, leiklist, tjáning, tónlist, búningagerð og sviðsmyndagerð. Skipulagshæfileikar nýttast einnig vel.

Markmiðið er að nemendur geti notið ólíkra listforma á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Námsmat: Lókið/ólókið

Smíðaval

Kennt á vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Guðrún Lára Baldursdóttir

Nemendur hanna sína eigin gestabók, getur líka verið fermingar-gestabók.

Lögð er áhersla á hugmyndavinnu, vandað handverk og tækni.

Hæfniviðmið eru að nemendur:

- velji aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýni rétta og ábyrga notkun verkfæra,
- útskýri hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu,
- vinni sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu,
- beiti viðeigandi vinnustellingum og noti réttan hlífðarbúnað einnig verður fjallað um vinnuvernd.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir verkgreinar

Snóker

Kennt á haustönn eða vorönn

Kennslustund: 120 mín. kennsla fer fram í Knattborðsstofunni Klöpp í Faxafeni 12.

Í boði fyrir: 8.-10. bekk

Kennari: Pálmar Einarsson EBSA þjálfari (European Billiards and Snooker Associations).

Knattborðsstofan Klöpp hefur boðið grunnskólum upp á Snóker val um nokkurt skeið og fer áhugi nemenda á að læra snóker vaxandi. Á síðasta skólaári tóku nokkrir nemendur þátt í Íslandsmóti U21 þar sem einn komst í úrslit. Snóker er nákvæmnis íþrótt sem eflir einbeitingu og hugarreikning.

Kennd verða grundvallaratriði íþróttarinnar, þar má nefna grunnatriði í meðhöndlun kjuðans, stöðu við borðið, reglur í snóker, leikni við stjórn á hvítu kúlunni, uppbygging á skori og þær ströngu siðareglur sem iðka skal við íþróttina.

Markmið: Að ná færni í Snóker, efla einbeitingu, hugarreikning og skynjun á eðlisfræði íþróttarinnar

Námsmat: Virkni og þátttaka í tímum, lokið/ólókið

Spegill

Kennt á haustönn eða vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Guðrún Lára Baldursdóttir

Nemendur hanna bakhlið með hillu fyrir spegil.

Lögð er áhersla á hugmyndavinnu, vandað handverk og tækni.

Hæfniviðmið eru að nemendur:

- velji aðferðir efni og verkfæri við hæfi og sýni rétta og ábyrga notkun verkfæra,
- útskýri hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu,
- vinni sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu,
- beiti viðeigandi vinnustellingum og noti réttan hlífðarbúnað ásamt því að fjallað verður um vinnuvernd.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir verkgreinar

Starfsnám í frístundaheimili

Kennt allt árið

Kennslustund: metið á samtals 120 mín. yfir skólaárið. Tímabil starfsnámsins er **frá október fram í mars**. Hægt verður að semja um hvaða dagar henta í samráði við forstöðumann á viðkomandi stað.

Í boði fyrir: 9.- 10. bekk

Umsjón: Víkurskóli, Félagsmiðstöðin Vígyn og frístundaheimilin Brosbær og Hvergiland bjóða unglingum að koma í starfsnám á frístundaheimilin.

Helstu verkefni eru samráð og samvinna við börn og starfsfólk Frístundaheimilis og að leiðbeina og vinna með börnum í frístundastarfi. Hæfniskröfurnar eru stundvísi, frumkvæði, áhugi á að vinna með börnum og færni í samskiptum. *Nemendur þurfa að sækja formlega um starfsnámið*. Nemendur eru undirbúnir af félagsmiðstöðinni og boðuð í viðtal á frístundarheimilinu. Hver nemandi þarf að skila 24 klukkustundum, 21 í vinnu og 3 í verkefnaskil. Ekki er hægt að sækja um aftur ef nemandi hefur áður fengið starf á frístundarheimilinu.

Nemandi skilar af sér eftirfarandi verkefnum: Tveimur viðburðum á tímabilinu og greinargerð um upplifun sína meðan á starfsnáminu stendur. Þar ritar hann upplifun sína og þælingar sem forstöðumaður Frístundaheimilis og aðstoðarskólalastjóri fara yfir.

Markmiðin eru að:

- efla samskiptafærni unglunga
- kenna unglingum viðburðastjórnun
- þjálfa unglunga í að sækja um starf og fara í atvinnuviðtal
- kynna starfsemi frístundaheimila
- gefa börnum tækifæri til að kynnast unglingum í skólanum

Námsmat: Lokaeinkunn er lokið/ólokið. Auk þess fær nemandinn skriflega umsögn/meðmæli að starfsnámi loknu sem viðkomandi getur nýtt sér síðar til að sækja um starf.

Stuðningur við fjarnám í stærðfræði í Fjöbraut við Ármúla

Kennt allt árið

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 10. bekk

Kennari: Andri Þór Kristjánsson

Um er að ræða stuðning einu sinni í viku við nemendur sem hyggjast stunda fjarnám við Fjöbrautaskólann við Ármúla í þessum greinum. Stæ. 103 (haust) og stæ. 203 (vor). Hér er um krefjandi nám að ræða sem krefst allnokkurrar heimavinnu af hálfu nemenda. Þetta er því engin „ódyr“ leið. Hins vegar er námið metið til eininga í ýmsum framhaldskólum auk F.Á. Reynslan hefur líka sýnt að nemendur sem lokið hafa þessu námi standa mjög vel að vígi í hvaða framhaldsskóla sem er.

Námið hentar fyrst og fremst þeim nemendum sem gengur vel að læra stærðfræði og finnst það nám skemmtilegt.

Táknmál

Kennt á vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk

Kennari: Táknmálakennari frá Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra.

Í þessum valáfanga læra nemendur undirstöðuatriði íslensks tákn máls. Nemendur vinna í hópum og fá ýmis verkefni sem byggjast upp á samskiptum. Nemendur læra einnig málfræði íslensks tákn máls og kynnast menningu og sögu tákn máls samfélagsins. Námskeiðið verður kennt bæði í stað- og fjarnámi

Hæfniviðmið:

Nemandi skal að námskeiði loknu hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- því hvað íslenskt táknmál er
- málfræði íslensks táknmáls
- helstu samskiptareglum á táknmáli
- sögu og menningu táknmálstalandi fólks

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- tjá sig á íslensku táknmáli
- skilja og taka þátt í einföldum samræðum á íslensku táknmáli
- nota helstu reglur í málfræði íslensks táknmáls

Námsmat: Ástundun, sjálfstæð vinnubrögð, virkni og þátttaka er metin til einkunnar.

Tálgun

Kennt á haustönn eða vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Guðrún Lára Baldursdóttir

Nemendur hanni og tálgi út dýr að eigin vali.

Lögð er áhersla á hugmyndavinnu, vandað handverk og tækni.

Hæfniviðmið eru að nemendur:

- velji aðferðir efni og verkfæri við hæfi og sýni rétta og ábyrga notkun verkfæra,
- útskýri hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu,
- vinni sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, beiti viðeigandi vinnustellingum og noti réttan hlífðarbúnað ásamt því að fjallað verður um vinnuvernd

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir verkgreinar.

Útskurður - stjörnumerkið mitt

Kennt á haustönn eða vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk.

Kennari: Guðrún Lára Baldursdóttir

Nemendur hanna og skera út stjörnumerkið sitt.

Lögð er áhersla á hugmyndavinnu, vandað handverk og tækni.

Hæfniviðmið eru að nemendur:

- velji aðferðir efni og verkfæri við hæfi og sýni rétta og ábyrga notkun verkfæra,
- útskýri hugmyndir sínar fríhendis- og með grunnteikningu,
- vinni sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu,
- beiti viðeigandi vinnustellingum og noti réttan hlífðarbúnað ásamt því að fjallað verður um vinnuvernd.

Námsmat: Miðað er við matsmarkmið í Aðalnámskrá fyrir verkgreinar

Vefsíðugerð

Kennt á vorönn

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 9. -10. bekk.

Kennari: Erna G. Sigurðardóttir

Lýsing: Nemendur kynast því hvernig vefsíður eru byggðar upp og gera 1 vefsíðu á önninni.

Unnið er út frá áhugasviði nemenda og unnið í hópum 2-3 saman eða sem einstaklingsverkefni.

Markmiðin eru að nemendur:

- öðlist færni í að vinna vefsíðu. Hvernig síður eru uppbyggðar með texta, mynd og hljóðefni.
- öðlist leikni í að vinna, móta og skapa út frá eigin áhugasviði.

Námsmat: Unnið er út frá hæfniviðmiðum í Aðalnámsskrá.

Viðburðastjórnun

Kennt allt árið

Kennslustund: 60 mín.

Í boði fyrir: 8.- 10. bekk

Kennari: Júlía Guðmundsdóttir

Nemendur vinna í sameiningu að því að skipuleggja árshátíð skólans. Kosnir eru þrír hópstjórar sem eru fremstir meðal jafningja og úthluta verkefnum sem nemendur hafa í sameiningu ákveðið að unnið skuli að í tengslum við árshátíðina, s.s. þema og fleira. Einnig munu nemendur í smærri hópum undirbúa, skipuleggja og stjórna minni viðburðum á skólatíma. Suma daga erum við lengur og þá sérstaklega þegar nær dregur árshátíð. Á móti kemur að val hættir fyrir að vori.

Markmiðin eru að nemendur:

- séu meðvitaðir um þátt tilfinninga í öllum samskiptum.
- geri sér grein fyrir gildi og verðmæti jákvæðs áreitis.
- beri virðingu fyrir samnemendum sínum og ólíkum skoðunum þeirra.
- geti tjáð og rökrætt hugsanir sínar, skoðanir, tilfinningar og væntingar til að komast að sameiginlegri niðurstöðu.
- séu færir um að beita gagnrýninni hugsun í samskiptum, skapandi starfi, við að setja sér markmið og taka ákvarðanir.
- skilji gildi þess að rækta frumkvæði sitt og sköpunargáfu á eigin forsendum.
- geti tjáð og fært rök fyrir hugsunum sínum og skoðunum á formlegum fundum.
- þjálfist í skipulagsvinnu og lýðræðislegum vinnubrögðum í hópastarfi.
- þjálfist í viðburðastjórnun og ábyrgð með því að skipuleggja minni og stærri viðburði.

Námsmat: Miðað við lykilhæfni í Aðalnámsskrá grunnskóla og tillit tekið til samvinnu, tímavinnu, sjálfstæðis, frumkvæðis og ábyrgðar á verkefnum og viðfangsefnum.